



CONFERENTIA EPISCOPALIS SCANDIAE

Líf vígt Guði

Í biskupsdæmunum á Norðurlöndum

Þann 21. nóvember 2014 lýsti Frans páfi yfir Ári sem vígt væri Guði, en það hófst 21. nóvember 2014 og því lýkur 2. febrúar 2016. Við, biskuparnir á Norðurlöndum, viljum af þessu tilefni snúa okkur til systra okkar og bræðra í biskupsdæmunum okkar og einkum til allra þeirra, sem á einn eða annan hátt hafa áhuga á lífi sem vígt er Guði í þess margbreytilegu myndum, og viljum gjarnan ræða um starfsemi og stöðu lífsins sem helgað er Guði í Kaþólsku kirkjunni. En okkur finnst við einnig bera ábyrgð á því að kynna þetta málefni fyrir kaþólskum trússystemum okkar, því að staðreyndin er því miður sú að bæði nærvera, sem og skilningur og áhugi á lífinu í þjónustu við Guð, virðist fara minnkandi meðal kaþólskra: Margar trúarreglur okkar þjóna ekki lengur í löndum okkar eða eru við það að loka dyrum sínum sakir skorts á nýliðun. En eitt er þó víst: Líf vígt Guði á ávallt sitt sæti í Kaþólsku kirkjunni en getur þó aðeins blómstrað þar sem sanna trú er að finna. Í ljós alls þessa viljum við bjóða ykkur öllum ásamt okkur að íhuga hlutverk lífsins sem vígt er Guði innan kirkjunnar.

Þó að líf vígt Guði í nútímamynd sinni nái ekki aftur til upphafs kirkjunnar og sé ekki þáttur í stigveldisskipulagi kirkjunnar, tilheyrir það þó óhagganlega lífi hennar og helgi (sbr. „Lumen Gentium“ nr. 44). Þegar við notum orðið „köllun“ einnig um köllun til lífs sem helgað er Guði, þá merkir það að Guð stendur að baki kölluninni til þess lífs sem vígt er Guði. Kirkjan hefur með öðrum orðum ekki fundið þetta upp í sögu sinni til að leysa tiltekin vandamál.

Í kirkjurétti er það líf sem vígt er Guði skilgreint á eftirfarandi hátt: „Í því lífi, sem vígt er Guði með því að vinna heit í anda hinna evangelísku ráða, felast langvarandi lífshættir þar sem hinn trúaði, undir leiðsögn Heilags Anda og í sérstaklega náinni breytni eftir Kristi, gefur sig algjörlega Guði sem hann elskar ofar öllu. Honum til aukinnar dýrðar og einnig til uppbyggingar kirkjunnar og heiminum til hjálpræðis, gengst hann undir nýjar og sérstakar kvaðir til þess að öðlast fullkominn kærleika í þjónustunni við Guðsríki, og boðar hina himnesku dýrð þegar hann er orðinn sem lýsandi tákn innar kirkjunnar“ (CIC kanón 573 § 1).

Við eigum reglusamfélögum okkar, og öllum þeim sem hafa vígt Guði líf sitt, mikla þökk að gjalda fyrir ómetanlegt framlag þeirra til kirkjunnar, einnig hér hjá okkur. En samt viljum við leggja á það áherslu hér og nú að það er ekki þjónustan eða miskunnarverkin – hversu mikilvæg sem það annars er – sem er kjarninn í því lífi sem vígt er Guði, heldur er það sjálft lífið sem vígt er Guði, þ.e. lífið þar sem Guð er í miðpunkti, spegilmynd hins eilífa lífs. Í öllum ófullkomleika sínum eiga þeir, sem vígst hafa Guði í lífi sínu, að endurspegla í eigin lífi hið nýja líf Krists, sem lifði lífi sínu hér á jörðu fullkomlega og óskiptur fyrir sinn himneska Föður. Þeir sem hafa vígst Guði eiga í breytni eftir Kristi að gera það líf sýnilegt sem allir hafa þegið í skírinni.

Heilagur Jóhannes Páll II páfi gaf okkur í postullegu bréfi sínu, „Orientale Lumen“, frá 2. maí 1995, nokkur mikilvæg atriði til umhugsunar um líf vígt Guði, sem ættu að veita okkur öllum innblástur.

Það sem við skiljum undir hugtakinu líf sem vígt er Guði, á rætur sínar að rekja til Miðausturlanda. Þessir lífshættir eru í hinni austrænu hefð ekki taldir til sérstakrar köllunar fyrir ákveðinn hóp kristinna manna, heldur er hér fremur um að ræða tákn sem allir þeir sem þegið hafa skírni geta snúið sér til. Á þennan hátt verður klaustrið að spámannlegum stað þar sem sköpunin er hin sanna vegsömun Guðs og kærleiksboðið raungerist og verður að hugsjón mannlegrar tilveru. Klausturlífið var ævinlega sálin í kirkjunni í Miðausturlöndum. Í klaustrunum þróaðist kristilegt líf í allri sinni fegurð, ríkidæmi og frjósemi.

Í austrænu hefðinni hefur klausturlífið haldið einingu sinni. Í hinum vestræna heimi hafa sprottið upp ýmis form postullegs lífs. Hér hefur það þróast í fjölmargar greinar. Upp af einsetumannalífinu risu samfélög munka. Síðari form þess lífs sem vígt var Guði leituðu brátt annað hvort eftir meiri strangleika eða aukinni dýpt eða vildu bregðast við ákveðinni nauðsyn eða nýjum þörfum í hinni postullegu þjónustu.

Í lýsingu sinni á eðli klausturlífsins sagði Jóhannes Páll II páfi að það sveiflist milli tveggja skauta: Guðs orðs og evkaristíunnar. Klausturlífið þróast í þessu spennusviði sem leiðir til sífellt dýpri þekkingar á Guði. Þar með er ekki átt viðvitsmunalega eða guðfræðilega þekkingu, heldur andlega þekkingu, sem veldur því að sú persóna er vígst hefur Guði umbreytist sífellt meir í mynd Krists. Opinberun Drottins á Taborfjalli verður þannig að íkoni ummyndunar hins kristna manns. Það er hið eiginlega markmið hins kristna manns að líkjast Kristi sem mest með þessu móti. Þetta er ástæða þess að klausturlífið er táknmynd hins kristlega lífs og að klaustrin eru orðin andlegar miðstöðvar gervallar kirkjunnar.

Frá upphafi þess lífs sem vígt er Guði hafa karlar og konur, sem telja sig hafa fengið köllun til hinna evangelísku ráða, vígst Drottinn á sérstakan hátt með því að breyta eftir Kristi, sem sjálfur lifði skírlífi í fátækt (sbr. Mt 8, 20; Lk 9, 58) og endurleysti mannkyn og helgaði það (2. Vatíkanþing, „Perfectæ Caritatis“ nr. 1) með hlýðni sinni allt til dauðans á krossi (sbr. Fil 2, 8). Í hinu vígða lífi taka þeir sem trúá á Krist þá ákvörðun fyrir áhrif Heilags Anda að fylgja Kristi enn betur, gefa sig fullkomlega Guði, sem þeir elska ofar öllu, og leitast við að sýna fullkominn kærleika í þjónustunni við Guðsríki, að vera tákn dýrðar hins komandi heims kirkjunnar ásamt því að boða hann (TKK 916).

Auk lífsins í reglufélögnum, sem yfirleitt eru kölluð trúarreglur eða reglusamfélög, eru einnig til ný eða nýuppögötuð form þess lífs sem vígt er Guði. Frá tímum postulanna hefur Drottinn kallað ungar, kristnar meyjar til þess að bindast honum í auknu frelsi hjarta, líkama og anda (sbr. 1Kor 7, 34-36; TKK 922). Þessir lífshættir hafa á okkar tímum gengið í endurnýjun lífdaga og þar gefst því, líkt og í hinum hefðbundnu reglufélögum, tækifæri til að fylgja Kristi náið.

Fleiri möguleikja bjóða einnig félög um postullegt líf, sem veita körlum, konum og fjölskyldum ný tækifæri til að tengjast Kristi nánari böndum og að bera honum vitni á nýjan hátt.

Okkur til mikillar gleði sjáum við að margir bræðra okkar og systra í mótmælendakirkjunum hafa öðlast nýjan skilning og áhuga á þessu reglulífi og til að mynda hafa klaustur verið stofnuð í nokkrum mótmælendakirkjum.

Við viljum einnig leggja áherslu á köllun sérhvers trúaðs einstaklings til helgi, líkt og annað Vatíkanþingið bendir berum orðum á í fimmta kafli skjals síns um trúarkenningar kirkjunnar. Í fyrra bréfi sínu til Þessaloníkumanna, 4, 3, segir Páll postuli: „Það er vilji Guðs, að þér verðið heilagir.“ Pétur postuli talar um að við séum til þess kölluð að verða „hluttakendur í guðlegu eðli“ (2Pét 1, 4). Og Jesús segir svo í fjallræðunni: „Verið þér fullkomnir, eins og faðir yðar himneskur er fullkominn“

(Mt 5, 48), og að lokum skulum við minnast hins nýja boðorðs sem Kristur gaf okkur í hinum nýja sáttmála: „Þetta er mitt boðorð, að þér elskið hver annan, eins og ég hef elskað yður“ (Jóh 15, 12). Þessum og öðrum svipuðum stöðum í heilagri ritningu er beint til okkar allra, því að í skírninni vorum við öll ættleidd sem synir og dætur Guðs og andi Sonarins var sendur í hjörtu okkar (sbr. Gal 4, 6).

Hin andlega endurnýjun kirkjunnar getur þá aðeins orðið ef við – fyrir innblástur frá Heilögum Anda – opnum okkur fyrir þessum sannleika. Í þessu samhengi verðum við einnig að skilja það líf sem vígt er Guði innan kirkjunnar. Endurnýjun lífsins í þjónustu við Guð styðst við endurnýjun trúar hinna skírðu, rétt eins og endurnýjun þess lífs sem vígt er Guði hefur áhrif á endurnýjun köllunarinnar til heilagleika hjá öllum hinum trúuðu.

Í æðri skilningi merkir þetta að reglufólk, sem og aðrir sem vígt hafa líf sitt Guði, og allir skírðir verða að bera sífellt meiri umhyggju fyrir evkaristíunni, sem og tilbeiðslu hins alhelga altarissakramentis, heilagri ritningu, tíðabænum kirkjunnar og ekki hvað síst hinu nýja kærleiksboðorði. Þannig endurnýjar kirkjan sig og kirkjan verður enn fremur fær um að framkvæma hið endurnýjaða trúboð, sem heilagur Jóhannes Páll II páfi sagði vera mikilvægasta verkefni kirkjunnar.

Í þessu hirðisbréfi viljum við aftur á móti snúa okkur sérstaklega til ykkar – bræðra og systra sem hafið vígt líf ykkar Guði. Þið hafið vígt líf ykkar Kristi og kirkju hans. Þessi vígsla er mikil náð og gjöf handa kirkjunni. Við þökkum ykkur af öllu hjarta að þið hafið tekið á móti þessari köllun og lifað af hjartans einlægni samkvæmt henni. Við vitum af áhyggjum ykkar hvað nýliðun snertir, spurninguna um framtíð samfélaga ykkar vegna sífellt eldri félaga, og okkur er ljóst að samfélagið setur spurningamerki við lífshætti ykkar og að þið eruð stundum gagnrýnd. En einmitt við þessar aðstæður viljum við veita ykkur hvatningu með orðum Benedikts páfa XVI í prédikun hans á hátíð birtingar Drottins árið 2013:

„Gangið ekki í raðir þeirra óheilaspámana sem boða endalok eða tilgangsleysi þess lífs sem vígt er Guði innan kirkjunnar á okkar dögum; íklæðist því meir Jesú Kristi og klæðist hertygjum ljóssins, líkt og heilagur Páll hvetur til (sbr. Róm 13, 11-14), með því að vera árvökul og viðbúin.“ Við viljum einnig biðja ykkur um þetta: Hafið allan vara á andspænis táknum tímans. Þið hlutuð köllun ykkar frá Guði en kusuð hana ekki sjálfviljug: „Þér hafið ekki útvalið mig, heldur hef ég útvalið yður“ (Jóh 15, 16). Þetta segir Jesús einnig við ykkur í dag.

Mikil áskorun felst í núverandi stöðu kirkjunnar, samfélagsins og reglufélaganna, sem einnig á sérstaklega við um ykkur: Snúið ykkur aftur og aftur að fyrsta kærleikanum. Aðeins í hinum nánnum tengslum við Jesú Krist finnið þið kraft ykkar og stefnu til að ganga leið ykkar í nútímanum – eins og Frans páfi segir í postullegu bréfi sínu frá 21. nóvember 2014 um ár þess lífs sem vígt er Guði: *Ég ætlast til þess að þið „vekið heiminn“, því að það sem einkennir hið vígða líf er spádómsvitrunin...* (II 2). Spámaðurinn hlýtur frá Guði þann hæfileika að skoða þá sögulegu tíma sem hann lifir í og túlka atburði þeirra: Hann er eins og vökumaður sem vakir um nótt og veit hvenær morgunninn kemur (sbr. Jes 21, 11-12). Hann þekkir Guð og hann þekkir mennina, bræður sína og systur. Hann getur greint í sundur og ræðst opinberlega gegn illsku syndarinnar og óréttlætínu, vegna þess að hann er frjál, vegna þess að hann þarf ekki að standa neinum reikningsskap nema Guði, og hann hefur engin önnur áhugamál en Guðs. Spámaðurinn tekur sér venjulega stöðu við hlið hinna fátæku og varnarlausu, vegna þess að hann veit að Guð er sjálfur á þeirra bandi.

Við hvetjum alla þá sem vígst hafa Guði að lifa ætlnarverk sitt með gleði og staðfestu, svo að þeir geti veitt öðrum innblástur og fordæmi um eftirfylgd.

Við snúum okkur einnig sérstaklega til þess unga fólks sem er rótfast í trúnni og starfar í henni, oft af miklum áhuga og lifir og ver þessa trú, en er aftur á móti enn leitandi að föstu formi þar sem þau gætu borið þessari trú sinni vitni. Ákvarðanir sem hafa áhrif alla ævi eru mörgum erfiðar í skauti, en við hvetjum þetta unga fólk að íhuga þessi málefni í bæn og að biðja presta og þá sem hafa vígt Guði líf sitt um ráð og stuðning.

Við hvetjum alla presta að veita sjálfum sér innblástur en sækja hann jafnframt til þeirra sem hafa vígt líf sitt Guði og almennt til allra trúaðra og bjóða fram krafta sína sem andlegir leiðbeinendur – að svo miklu leyti sem Heilagur Andi hefur veitt þeim náðargáfu til. Þeir komast þá áreiðanlega að því að margir munu leita til þeirra sem ekki eru kaþólskrar trúar en vilja vaxa í trú sinni.

Að lokum hvetjum við alla trúaða sérstaklega til þess að biðja fyrir köllun til reglulífs. Líkt og köllunin myndast fyrst og fremst í tengslum við líf í lifandi trú, þannig birtist þessi trú einnig í því að við sýnum áhuga okkar og meðábyrgð á vexti Guðsríkis með því að treysta á forsjón og gæsku Guðs. Úr slíku umhverfi lifandi trúar og bænar mun Guð einnig í framtíðinni vekja köllun til lífs í þjónustunni við Guð.